

Nd.

· 243. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þgskj. 210 við frv. til laga um sparisjóði (þingskj. 181).

Frá Einari Arnórssyni og Bjarna Jónssyni frá Vogu.

2. liður breyt.till. á þingskj. 210 orðist svo:

21. gr.

Stjórnarráðið hefir eftirlit með sparisjóðum og starfsemi þeirra, enda skal stjórnarráðinu árlega sendur reikningur hvers sparisjóðs fyrir næsta ár á undan, eigi síðar en fyrir lok málmánaðar, og skal birta reikningana í blaði því, er flytur stjórnarvaldabirtingar.

Stjórnarráðið lætur, svo fljótt sem unt er, bankavanan mann athuga nákvæmlega allan hag, starfsemi og fyrirkomulag sparisjóða í landinu og sjá um, að þeir fullnægi svo fljótt sem kostur er á öllum skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum um starfsemi og skipulag sparisjóða. Að loknu eftirliti gefur hann stjórnarráðinn nákvæma skýrslu um hag sparisjóða. Kostnaður við eftirlit þetta greiðist úr landssjóði.

Stjórnarráðið skal auk þess setja hverjum sparisjóði sérstakan, fastan eftirlitsmann, er búsettur sje í þeirri sýslu, er sparisjóður er. Skal eftirlitsmaður þessi rannsaka nákvæmlega á hverju ári allan hag hvers þess sparisjóðs eða sparisjóða þeirra, er hann skal líta eftir, og gefa stjórnarráðinu nákvæma skýrslu um hag hans og stjórn. Þóknun til þessara eftirlitsmanna greiðist af fje sparisjóðs þess, er hlut á að máli eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar, ef ágreiningur verður um hann.

Eftirlitsmenn sparisjóða geta heimtað allar skýrslur og skilríki sparisjóða, er nauðsynlegar eru til framkvæmdar eftirlitinu. Ef stjórnendur eða aðrir, er að sparisjóð standa, tregðast við að láta skýrslur þessar og skilríki í té, getur stjórnarráðið beitt dagsektum, alt að 5 krónum, og má ákveða þær í brjefi til þeirra, er brotlegir gerast. Sektir þessar renna í landssjóð.

Stjórnarráðið setur eftirlitsmönnum sparisjóða erindisbrjef.